

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2017, fimmtudaginn 14. september var haldinn 156. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi og hófst kl. 17.00. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoega, Hafsteinn Númason, Guðfinna Ármannsdóttir og Sigrún Jóhannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Kristinn Snævar Jónsson sem er varamaður Jónu Bjargar Sætran, áheyrnarfulltrúi framsóknar- og flugvallarvina, Sigþór Magnússon áheyrnafulltrúi íbúasamtaka Kjalarness, ásamt Ingibjörgu Sigurþórsdóttur, framkvæmdarstjóra Miðgarðs og Margrét Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um loftmengun á Kjalarnesi. Farið var yfir hlutverk, verklag og verkferla hjá Heilbrigðiseftirlitinu.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Á Kjalarnesi er víða ræktun og búskapur í ýmsu formi, þar á meðal svínabú, eggjabú og alifuglarækt. Sumstaðar er starfsemi þessi í talsverðri nálægð við bæði búsetukjarna og strjálari byggð sem og golfvöll. Reynsla íbúa á Kjalarnesi hefur sýnt að við ákveðnar veðurfarsaðstæður og í ákveðnum vindáttum getur fyrirvaralítið gosið upp hvimleið lyktar- og loftmengun sem á stundum verður svo megn að íbúar á umræddum svæðum telja sig verða fyrir miklum óþægindum. Fíngert ryk getur valdið óþægindum jafnt í augum og öndunarfærum auk þess sem sjálf lyktin veldur leiðindum, dregur úr lífsgæðum og rýrir einnig söluverð fasteigna á þessum svæðum. Fólk treystir sér jafnvel ekki til að búa í næsta nábýli við ræktun og búskap sem hvimleiður fnykur stafar af á stundum. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í hverfisráði Kjalarness telur brýnt að mælitæki sem mæli hreinleika og gæði andrúmslofts verði sett upp víða á Kjalarnesi nú strax á haustmánuðum þessa árs. Tilgangur mælinga á gæðum og hreinleika andrúmslofts er sá að leggja niðurstöður þeirra til grundvallar við vinnu við áform um fjölgun, umfang og eðli fyrirtækja og ræktunarstaða á Kjalarnesi og nálægð þeirra við aðra byggð.

Hverfisráðs Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness þakkar Árnýju Sigurðardóttur, Svövu Svanborgu Steinarsdóttur og Erni Sigurjónssyni fyrir gott samtal og veittar upplýsingar vegna hugsanlegrar loftmengunar frá matvælaframleiðslu á Kjalarnesi. Kjalarnes er grænt svæði í borginni þar sem íbúabyggðin er bæði í byggðakjarnanum Grundarhverfi og í dreifbýli. Á svæðinu eru miklir útivistarmöguleikar sem fer fjölgandi en svæðið hefur jafnframt þá sérstöðu að þar eru mörg matvælafyrirtæki sem fylgir útblástur og úrgangur. Nauðsynlegt er að standa vörð um gæði svæðisins sem íbúabyggðar með fjölbreyttum útivistarmöguleikum og þess vegna þarf að fylgjast vel með lyktar- og efnamengun frá þaueldisbúum sem í mörgum tilvikum eru stutt frá byggð. Framtíðarsýn hverfisráðs Kjalarness er að þar nái að blómstra byggð og fjölbreyttur, sjálfbær atvinnurekstur þar sem landkostir svæðisins nýtast sem best. Þess vegna er það áhyggjuefni ef hætta er á að ein tegund atvinnustarfsemi rýri gæði byggðarinnar. Hverfisráðið óskar eftir góðu samstarfi við heilbrigðisyfirvöld um málið. Hverfisráðið telur því mikilvægt að mælingar verði gerðar á andrúmslofti á Kjalarnesi með tilliti til efna í útblæstri frá matvælaframleiðslu. Hverfisráðið leggur áherslu á að um er að ræða einstakar aðstæður á Íslandi sem þarf að rannsaka og hafa með til hliðsjónar af erlendum viðmiðum.

Árný Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri Heilbrigðiseftirlitsins, Svava Svanborg Steinarsdóttir heilbrigðisfulltrúi frá Heilbrigðiseftirlitinu og Örn Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um deiliskipulag Vesturlandsvegar.

Hverfisráðs Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness telur að útfærsla Vesturlandsvegar frá Esjumelum að Hvalfjarðargöngum sé í meginatriðum vel heppnuð. Það er fagnaðarefni að gatnamótum verður fækkað eins mikið og kostur er, þar sem gera má ráð fyrir að með því aukist umferðaröryggi. Einnig telur hverfisráðið að umferð gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarenda sé yfirleitt vel fyrir komið til hliðar við akbrautina. Á nokkrum stöðum þarf þó að huga betur að gatnamótum og tengingum. Má þar nefna t.d. kirkjustaðinn Saurbæ rétt við Hvalfjarðargöng og fleiri bæi þar í kring. Einnig þarf að huga betur að tengingum í Kollafirði t.d. við Mógilsá og Naustanes, bæði fyrir bílaumferð og umferð gangandi, hjólandi og hestamanna. Samkvæmt því sem fram kom á kynningarfundum um deiliskipulagið er gert ráð fyrir umferð gangandi fólks og hestamanna um gömlu þjóðleiðina í Esjuhlíðum. Hverfisráðið bendir á að til þess að svo megi verða þarf að efna til samtals hagsmunaaðila um svæðið í Esjuhlíðum og notkun þess með tilliti til eignarhalds, umgengni og nýtingar. Hverfisráðið bendir á að nauðsynlegt er að komast að niðurstöðu um hvernig og hvar gróðursetningu í Græna trefilinn verður háttað um leið og gamla þjóðleiðin verður formlega afmörkuð og merkt. Þess má geta að áhugamannafélög svo sem Sögufélagið Steini á Kjalarnesi og Skógræktarfélag Kjalarness hafa á undanförunum árum unnið að verkefnum sem tengjast svæðinu, en þar eru auk þess gamlar menningarminjar. Einnig bendir ráðið á skýrslu um ofanflóðahættumat í Esjuhlíðum sem þarf að hafa í huga áður en endanlega er gengið frá skipulagi svæðisins. Einkum er brýnt að taka ákvörðun um notkun svæðisins svo sem hvernig skógrækt og umferð hesta getur farið saman og í framhaldi af því, hugsanleg afmörkun svæða með girðingum. Hafa þarf í huga mengun sem fylgir umferðarþungum vegi eins og Vesturlandsvegurinn er, auk þess sem gera verður ráð fyrir aukinni umferð um veginn; hljóðmengun, svifryk og útblástur. Farið verður fram á að mælingar á loftmengun verði gerð. Hverfisráðið óskar eftir að hugað verði að mengunarvörnum til að lágmarka slíka mengun þar sem vegurinn liggur um íbúabyggð bæði í dreifbýli og meðfram Grundarhverfi. Hverfisráðið óskar eftir upplýsingum um hvort hugað hefur verið að slíkum vörnum. Hverfisráði Kjalarness barst ekki tillaga að deiliskipulagi Vesturlandsvegar dagsett 3. apríl 2017 til umsagnar. Lýsir hverfisráðið yfir undrun á því. Hins vegar tók ráðið þátt í undirbúningi kynningarfundar um skipulagið í Fólkvangi og byggir umsögnin á því sem fram kom á fundinum. Hverfisráðið tekur fúslega þátt í samstarfi og samráði sem getur orðið til þess að skipulag Esjuhlíða komist sem fyrst til framkvæmda og hvetur til þess að af því geti orðið hið allra fyrsta.

3. Fram fer umræða um göngustíg meðfram Brautarholtsvegi. Frestað.
4. Fram fer umræða um Hverfið mitt 2017. Frestað

Fundi slitið kl. 18.43

Sigríður Pétursdóttir

Sigrún Jóhannsdóttir
Ólafur Zoega

Guðfinna Ármannsdóttir
Hafsteinn Númason